

**Fundarritari:** Krístrún Birgisdóttir

**Dags:** 19. október 2022

**Tilefni:** Skólanefndarfundur

**Fundinn sátu:** Anna Zhu (fyrir hönd nemendafélags), Edda Björg Benónýsdóttir, Krístrún Birgisdóttir, Magnús Ingvason, Magnús Sigurbjörnsson og Sigríður Ragna Sigurðardóttir

**Dagskrá fundar:**

1. Skólastarfið
2. Fjármál skólans
3. Önnur mál

**1. Skólastarfið**

Magnús Ingvason bauð viðstadda velkomna á fundinn og fór yfir skólastarfið. Í máli hans kom fram að alls hófu 920 nemendur nám í dagskóla og 1200 nemendur í fjarnámi á haustönn. Allt frá árinu 2013 hafa aldrei fleiri nýnemar valið skólann í fyrsta eða öðru vali. Á hverri önn tekur skólinn við stórum fjölda nemenda sem ekki hafa staðist námskröfur 10. bekkjar grunnskóla. Nemendahópurinn kemur víða að og stór hluti nýnema þarf að hefja nám í undirbúningsáföngum í kjarnagreinum.

Magnús sagði frá því að nokkur fjölgun hefur verið á nemendum með annað móðurmál en íslensku við skólann en alls tilheyra nú 17% nemenda skólans þeim hóp. Í kjölfarið hefur orðið fjölgun á áföngum í ÍSAN og ÍSTA svo og hefur sérhæfðum áföngum fyrir þessa nemendum verið fjölgað.

Sagt var frá alvarlegu atviki sem upp kom í skólanum í september þar sem nemandi skólans dró upp hníf. Niðurstaða málsins var að nemandanum var vikið úr dagskóla yfir í fjarnám.

Skólameistari sagði lauslega frá ýmsu öðru úr skólastarfinu s.s. foreldrafundi, skólafundi, nýnemaferð, þátttöku í Evrópuverkefnum, haustráðstefnum, heimsókn Mennta- og barnamálaráðherra, forvarnarviku og fundi með mennta- og menningarmálaráðuneytinu er varðar hugsanlega samvinnu við Námsflokkar Reykjavíkur eða jafnvel yfirtöku skólans á verkefninu „Námskraftur“ sem hefur verið í umsjóna Námsflokkar Reykjavíkur um árabíl.

**2. Fjármál skólans**

Samkvæmt fjárlögum 2023 heldur skólinn þeim 980 nemendaígildum sem hafa verið og fær skólinn með þeim ígildum greiddar rúmlega 1900 milljónir. Um er að ræða ca. 70 milljón kr. aukningu frá yfirstandandi ári. Gera má ráð fyrir að stór hluti þessarar aukningar sem tilkominn vegna hækkandi verðlags og nýrra kjarasamninga um áramótin. Segja má að skólinn séu ágætlega settur, en á næsta ári verða þó dregnar af skólanum rúmar 9 milljónir króna í tengslum við hagræðingarkröfu ríkisstjórnarinnar. Enn fremur

sagði Magnús frá því að samkvæmt launapróun félaga í KÍ í framhaldsskólum séu kennarar í FÁ með tæplega 15 þúsund króna hærri mánaðarlaun í dagvinnu en meðaltalið er í framhaldsskólum. Varðandi heildarlaun kemur það fyrst í ljós um áramót hver þau verða en þau eru alla jafna nokkuð há á haustönnum.

Á þessu ári fékk skólinn níu milljón króna aukafjárveitingu sem nýtt var til að veita kennurum aukabrep fyrir m.a. að kenna áfanga sem þeir hafa ekki kennt í fjórar annir, fyrir nýja kennara og þá sem eru með nýja kennara í handleiðslu. Á þessari önn fengu 22 kennarar aukabrep vegna þessa. Bent var á nýjan stofnanasamning skólans við KÍ til nánari upplýsinga varðandi þetta.

### **3. Önnur mál**

Sagt var frá vinnu í tengslum við „Stofnun ársins“ könnun Sameykis og því að ákveðið var að setja saman starfshóp til að fara yfir niðurstöður til að auðvelda vinnu við endurbætur. Eftir fundinn voru einnig almennar umræður um það sem á undan hafði verið rætt.